

Verkefni: Formannafundur Gígjunnar
Dagsetning fundar: 10. maí 2014.
Tímasetning fundar: kl. 11:30 - 12:20
Fundarstaður: Brekkuskóli á landsmóti kvennakóra á Akureyri

Stjórnarkonur Gígjunnar:

Þórhildur Kristjánsdóttir	formaður	mætt
Steiney Halldórsdóttir	ritari	mætt
Dagbjört Ottósdóttir	varaformaður	mætt
Ragnheiður Helgadóttir	meðstjórnandi	mætt

Eftirtaldir aðildarkórar sendu fulltrúa til formannafundsins:

Heklurnar (Hrefna Sigurðardóttir)
Kvennakór Hafnarfjarðar (Bjarney Guðmundsdóttir)
Kvennakórinn Seljur (Hulda Júlíusdóttir)
Senjórítukórinn (Kolbrún Valdimarsdóttir)
Léttuveit Reykjavíkur (Sigþóra Ó. Sigþórsdóttir)
Kvennakórinn Ymur (Jóna B. Kristinsdóttir)
Freyjukórinn (Þórunn Reykdal)
Kvennakór Ísafjarðar (Hildur Halldórsdóttir)
Kvennakórinn Ljósbrá (Olga M. Valsdóttir)
Kvennakór Hornafjarðar (Erna Gísladóttir)
Jórukórinn (Hrefna Sveinsdóttir)
Kvennakór Kópavogs (Jófríður Guðmundsdóttir)
Kvennakór Akureyrar (Una Þórey Sigurðardóttir)
Kvennakórinn Kyrjurnar (Auður Helga Kristinsdóttir)
Kvennakór Garðabæjar (Ólafía Elínardóttir og Heiða Gunnarsdóttir)
Kvennakór Reykjavíkur (Rósa Benediktsdóttir)

1. Vefsetur Gígjunnar og einblöðungur.

Þórhildur Kristjánsdóttir ræddi um mikilvægi þess að kórar sendi upplýsingar og heimildir til Gígjunnar. Heimasíðan er heimild fyrir alla kvennakóra landsins og mikilvægt að það séu réttar upplýsingar um kórana, stjórnendur, stjórn og fleira. Hún ræddi líka um að mikilvægt sé að stjórnir kóranna fræði kórkonur um landssambandið þannig að kórkonur viti af Gígjunni og hver sé tilgangurinn með sambandinu. Einblöðungur með kynningu um Gígjuna fylgdi í landsmótsgögnunum. Gott væri að stjórnirnar myndu afhenda einblöðunginn til nýrra kvenna þegar þær byrja í kórnum. Mikilvægt er að láta kórkonur einnig vita af því að æskilegt sé að allar konur mæti á félagsfund Gígjunnar. Heiða Gunnarsdóttir ræddi um þegar sendar eru tilkynningar til Gígjunnar um tónleika að mikilvægt væri að setja texta með auglýsingunni þ.e. kynningatexta með öllum upplýsingum. Einnig benti hún á að alltaf væri gott að fá greinar frá kórnum um starfið og það sem er í gangi hjá kórnum þ.e. menningu kórsins. Heiða talaði líka um að kóranir myndu senda til Gígjunnar nýjar myndir frá kórnum.

Margar heimasíður kóranna þarf að uppfæra og einnig að vísa í facebook síður á heimasíðunum.

2. Regnhlífasamtök.

Rætt var um sameiginlegan starfsmann fyrir kórasamtökin. Eins og staðan er þá á að athuga hvort ríkið taki að sér að ráða starfsmann fyrir kórasamtökin í haust. Umræða var um mismum á milli kvennakóra og karlakóra. Við þurfum að byggja upp orðspor okkar og breyta viðhorfi til kvennakóranna.

3. Landsmót.

Umræða var um það hvort landsmót eigi að vera á 4ra ára fresti í stað þess að vera á 3ja ára fresti. Einnig hvort það væri ekki gott að byrja mótin á fimmtudegi og enda á laugardagskvöldi. Konur komu líka með spurningar um hvort ekki væri hægt að breyta fyrirkomulagi tónleikanna hjá kórnum og stytta jafnvel sönginn hjá hverjum kór og syngja allar á sama stað.

4. Heiðursverðlaun Gígjunnar.

Þórhildur minnti formenn kóranna á heiðursverðlaun Gígjunnar á aðalfundi. Hún sagði formönnunum að það mætti senda tilnefningar fyrir konur sem áður hefði verið sótt um. Gott væri að tilnefningarnar væru vel rökstuddar.

Í lokin þakkaði Þórhildur formaður konum kærlega fyrir komuna og fundarsetuna.

Fundi var slitið kl. 12:20.

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir.

Þátttöku listi 11:30
Formannafundur Brekkustöð 9. maí 2014

Jónður Guðmundsd	Kvennakór Kópavogs
Helga Sigurðardóttir	Hekluhnar kvennakór
Elín B. Sigurðsdóttir	Kvennakórinn Seljessí
Anna G. G. G. G.	Kvennakórinn Þessí
Jóna B. Kristin	Kvennakórinn Ymurt.
Andur H. G. G.	Kyggurnar
Bjarni Guðmundsdóttir	Kvennakór Hafnarfjarðar
Ólafía Guðmundsdóttir	Kvennakór Gaudabæ
Bruna G. G. G.	Kvennakór Hornafjarðar
Heita Gunnarsdóttir	Kvennakór Garðabæjar
Kolbrún Valdimarsdóttir	Seungrar
Hildur Jónsdóttir	Kvennakórinn Seljessí
Sigríður Ó. Sigríðsdóttir	Leitaveit Reykjavíkur.
Ólga Þórey Sigríðsdóttir	Kvennakór Alfreðar
Þorsteinnur H. G. G.	Stjörna Giggjannar
Dagbjört Ó. G. G.	Stjörna Giggjannar
Ólga M. Valbrétt	Kvennakórinn Ljósbrá
Þórunn R. G. G.	Freypulakórinn
Rógn. Benediktsson	Kvennakór Reykjavíkur
Steinunn Jónsdóttir	Kvennakór Hafnarfjarðar